



Kópavogi, 13. júlí 2026
2606579/ KHK

Borgarlína- gatnagerð um Bakkabraut að gatnamótum Vesturvarar Framkvæmdaleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann dags. 8. júní 2026 var lögð fram framkvæmdaleyfisumsókn Betri samgangna dags. 5. júní 2026, ásamt uppdráttum fyrir gatnagerð borgarlínu um gatnagerðarlegg 180.09 um Bakkabraut, dags. 23. júní 2025 og 1. desember 2025, uppfærðir 8. apríl 2026.. Einnig er vísað í áljits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar, dags. 6. júní 2025. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra




Mynd 1. Loftmynd af vestanverðu Kársnesi sem sýnir staðsetningu svæðis sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á Bakkabraut vegna Borgarlínu. Tekin af kortavef Kópavogs.

Umsóttar framkvæmdir liggja að hluta til á óbyggðu svæði við fyrirhugaða brú og hluta til á Bakkabraut sem er í dag tveggja akreina gata með gangstéttar sitthvorum megin götunnar. Með uppbyggingu Borgarlínu kemur í stað núverandi rýmis, dæmigert þversnið Borgarlínubrautar þar sem borgarlína mun aka í sérými ásamt borgarlínustöð ásamt öðrum innviðum fyrir gangandi og hjólandi.

Verkefnið er framkvæmdarleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar. Framkvæmdatími er áætlaður eitt ár en reiknað er með að vinna hefjist í apríl 2027 og stefnt er að verklokum gatnagerðarleggsins og framkvæmdarinnar allrar í júní 2028.

Forsendur í aðalskipulagi

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir að Borgarlína fari um brú yfir Fossvog, Bakkabraut og Borgarholtsbraut að Hamraborg í fyrstu lotu.



Mynd 2. Landnotkunaruppdráttur gildandi Aðalskipulags Kópavogs sem sýnir legur Borgarlínu um Kársnes

Í rammahluta aðalskipulags fyrir 1. lotu Borgarlínu samþykktur 13. maí 2025 eru sett fram hönnunarviðmið sem skulu höfð til hliðsjónar við deiliskipulagsgerð og framkvæmdahönnun Borgarlínunnar. Þær snúa að staðsetningu og hlutverki stöðva, umhverfi þeirra og aðgengi að þeim, fyrirkomulagi Borgarlínugatna og ráðstöfun gatnarýmis á Borgarlínugötum fyrir mismunandi ferðamáta og umferðaröryggi

„Í fyrstu lotu Borgarlínunnar um Kársnes að Hamraborg er gert ráð fyrir að stöð Borgarlínunnar verði staðsett á Bakkabraut, norðan við Vesturvör. Þar er umhverfi Bakkabrautar breitt og að mestu óskilgreint og því góð staðsetning fyrir stöð og tækifæri til endurnýjunar byggðar að henni. Þar mætast göngu- og hjólastígar Kársnessins og hægt að tengja stöðina vel við nýja og eldri byggð s.s. Bryggju- og Sæbólshverfið. Stöðin er miðsvæðis á þróunarsvæðinu á vestanverðu Kársnesi.“

Forsendur í deiliskipulagi

Fyrir liggja samþykkt deiliskipulög m.s.br á svæðinu sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir:


- *Brú yfir Fossvog*, samþykkt í bæjarstjórn 31. janúar 2019, með síðari deiliskipulagsbreytingu, dags. 21. október 2025.
- *Kársneshöfn*, samþykkt í bæjarstjórn 23. janúar 1990 með síðari deiliskipulagsbreytingu- *Bakkabraut norðan Vesturvarar*, dags. 11. nóvember 2025.

Brú yfir Fossvog, deiliskipulag.

Sameiginlegt deiliskipulag Reykjavíkur og Kópavogs fyrir brú yfir Fossvog samþykkt í bæjarstjórn 31. janúar 2019 er í gildi fyrir fossvogsbú og landtöku hennar á Kársnesi.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir brú yfir Fossvog og nauðsynlegum landfyllingum ásamt áningarstöðum, stígum og akreinum sem þjóna almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Skipulagið gerir jafnframt ráð fyrir að þessi mannvirki og tengingar falli að fyrirhuguðu stíga- og gatnakerfi Kópavogs og myndi samfellda tengingu milli Fossvogsbrúar, Bakkabrautar og nærliggjandi byggðar á Kársnesi.

Umfang mannvirkja á deiliskipulagsuppdætti miðast við frumhönnun brúar og samgöngumannvirkja sem tekið skal mið af við fullnaðarhönnun mannvirkja.



Mynd 3. Deiliskipulag brúar yfir Fossvog með síðar breytingum, dags. 21. október 2025.

Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við framkvæmdir vegna brúarinnar. Sérstaklega þarf að hafa samráð við Veitur vegna 132 kV háspennustrengs sem liggur yfir voginn. Þá liggur fráveitulögn og ljósleiðari en þær lagnir eru utan framkvæmdasvæðis brúarinnar og tengdra landfyllinga. Mögulegt er að nýta brúna fyrir strenglagnir og er gert ráð fyrir rafstreng yfir brúna vegna lýsingar og annars rafbúnaðar.



Hæð mannvirkja innan deiliskipulagssvæðis brúarinnar skulu taka mið af hindranaflötum Reykjavíkurflugvallar (sjá skýringarmynd í viðauka). Hæð byggingarkrana og annars lyftibúnaðar á framkvæmdatíma taki mið af hindrunarfleti flugvallar í samráði við Isavia. Brúin kemur að landi Reykjavíkurmegin vestan megin við flugbrautarendann til að hún sé ekki í beinni aðflugsstefnu. Unnið verður áhættumat á vegum Reykjavíkurflugvallar vegna brúarinnar og nýrra vegtenginga.

Lýsingu á og við brúna skal halda í lágmarki en hún skal vera nægjanleg til að tryggja öryggi allra vegfarenda. Á brúnni þarf að gera ráð fyrir merkingum vegna umferðar og viðeigandi lýsingu vegna öryggis sjófarenda og vegna nálægðar við flugbraut. Hafa skal samráð við Isavia vegna lýsingar á og við brúna. Allri lýsingu á akreinum, stígum, á og við brúna skal beint niður á við til að forðast ljósmengun.

Koma skal fyrir stæðum fyrir a.m.k. 2-4 hjól í tengslum við áningarstaði og nálægt biðstöðvum almenningsvagna.


Innan deiliskipulagssvæðisins eru engar þekktar minjar, hvorki á sjó eða landi. Strandlínan og landssvæðið beggja vegna vogarins eru manngerðar landfyllingar og ekki eru þekktar minjar á hafsbotni. Finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010

Kársneshöfn -deiliskipulagbreyting – Bakkabraut norðan Vesturvarar.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 11. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulaginu, Kársneshöfn – Bakkabraut norðan Vesturvarar, þar sem settar eru fram nánari skipulagsforsendur fyrir fyrirkomulagi umferðarmannvirkja á Bakkabraut og tengingum þeirra við fyrirhugaða innviði Borgarlínu á vestanverðu Kársnesi. Breytingin tekur meðal annars til útfærslu Borgarlínubrautar, göngu- og hjólastíga, stöðvar, tenginga við nærliggjandi lóðir og annarra samgöngumannvirkja innan svæðisins.

Í deiliskipulagsbreytingunni eru settir skilmálar um notkun Borgarlínubrautar og fyrirkomulag umferðar á Bakkabraut. Þar kemur fram að um Borgarlínubraut skuli eingöngu aka almenningsvagnar, en akstur neyðarbíla er jafnframt heimilaður eftir slíkum brautum. Bakkabraut norðan Vesturvarar er skilgreind sem Borgarlínubraut með sérreinum í báðar áttir.

Breytingin skilgreinir jafnframt staðsetningu Borgarlínustöðvar á norðurmörkum lóða við Hafnarbraut 27 og Vesturvör 30. Gert er ráð fyrir að stöðin tengist vel aðliggjandi göngu- og hjólastígum og að þar verði svigrúm fyrir biðskýli og önnur stoðmannvirki sem tengjast þjónustu við farþega og aðgengi að almenningsamgöngum.



Mynd 3. Deiliskipulagbreyting – Bakkabraut norðan Vesturvarar dags. 11. nóvember 2025.

Krossgatnamót Bakkabrautar og Vesturvarar verða umferðarstýrð og er gert ráð fyrir að Borgarlína njóti þar forgangs. Norðan gatnamótanna er fyrirkomulag aksturs takmarkað í samræmi við hlutverk götunnar sem Borgarlínubraut og útfærslu fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur.

Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólastígatengingum milli Hafnarbrautar og Vesturvarar, ásamt tengingum inn á nærliggjandi lóðir. Þessar tengingar eru hluti af heildstæðu fyrirkomulagi samgangna á svæðinu og styðja við öruggt og samfellt aðgengi að Borgarlínustöð, Fossvogsbrú og aðliggjandi byggð.

Nákvæm hönnun gatna, stíga og landslags verður útfærð í verkhönnun og skal tekið mið af umhverfisgæðum, gróðri og ásynð.

Umhverfismatsskýrsla- Borgarlína lota 1 Ártúnshöfði-Hamraborg

Fyrir liggur umhverfismatsskýrsla Borgarlínu, lota 1 Ártúnshöfði-Hamraborg frá því í nóvember 2024, ásamt álitum skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdar dags. 6. júní 2025.

Grunnástandi framkvæmdasvæðis er lýst í umhverfismatsskýrslu og mat lagt á umhverfisáhrif áætlaðra breytinga og varpað ljósi á áhrif sem kalla á mótvægisáðgerðir og vöktun til þess að draga úr áhrifum.


Megin niðurstöður sýna að tilkoma Borgarlínu styrkir borgarþróun með þéttingu byggðar og hefur þannig jákvæð áhrif á borgarumhverfi, loftgæði, loftslag, hljóðvist, samgöngur og umferðaröryggi, lýðheilsu og félagshagfræðilega þætti.

Á framkvæmdatíma verða tímabundin áhrif á íbúa og atvinnustarfsemi sem liggja við leiðir og nálægt þeim, þangað sem umferð beinist og því er mikilvægt að allir séu vel upplýstir um gang mála. Uppbygging Borgarlínu mun valda raski í göturými en talið er að unnt verði að draga úr og lágmarka áhrif á hönnunarstigi.

Framkvæmdaleyfisumsókn, dags 8. júní 2026

Betri samgöngur hafa sótt um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar fyrir Borgarlínu á Bakkabraut, frá Fossvogsbúð að gatnamótum Vesturvarar, á grundvelli gildandi deiliskipulagsáætlana fyrir svæðið. Umsóknin tekur til framkvæmda sem falla innan marka deiliskipulags fyrir brú yfir Fossvog og deiliskipulags Kársneshafnar, með síðari breytingum vegna Bakkabrautar norðan Vesturvarar.

Fyrirhuguð framkvæmd er hluti af fyrstu lotu Borgarlínu og tengist uppbyggingu vistvænna samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Hún er jafnframt liður í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og sameiginlegu verkefni ríkis og sveitarfélaga um að bæta almenningssamgöngur, styrkja tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og stuðla að skilvirkara og sjálfbærara samgöngukerfi.



Mynd 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Verkefnið er samstarfsverkefni Betri samgangna, hlutaðeigandi sveitarfélaga og Veitna. Betri samgöngur annast útboð og hafa umsjón með framkvæmdinni fyrir hönd verkkaupa. Eftirlit með verkinu og ráðgjöf til verkkaupa á framkvæmdatíma verður boðið út sérstaklega. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er gert ráð fyrir að gatnagerðarleggir 160.07 Nauthólsvegur og 180.09 Bakkabraut verði boðnir út saman.

Áætlað er að gatnagerðin verði boðin út í júní 2026 og að framkvæmdir við gatnagerðarlegg 180.09 hefjist í apríl 2027. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki mið af áfangaskiptingu verksins, samræmingu við aðliggjandi framkvæmdir og þeim kröfum sem gerðar eru til framkvæmdar í nágrenni Reykjavíkurflugvallar.


Verktaka verður gert að skipuleggja framkvæmdina í samræmi við verklýsingu verkkaupa, áfangaskiptingu verksins og þær öryggis- og skipulagskröfur sem gilda vegna nálægðar við Reykjavíkurflugvöll. Sérstaklega skal tryggt að tæki og búnaður sem notaður verður við framkvæmdina rjúfi ekki hindrunarfleti flugvallarins. Krafa verður gerð um að ítarleg verkáætlun og öryggisáætlun verktaka liggi fyrir við undirritun verksamnings. Þá þarf verktaki að samræma framkvæmdina við aðliggjandi verk, þar á meðal gatnagerðarlegg 160.07 við Nauthólsveg, gatnagerðarlegg 180.09 við Bakkabraut og framkvæmdir við Fossvogsbrú, legg 170.01.

Framkvæmdin felur í sér nýframkvæmd á landi næst Fossvogsbrú, endurgerð Bakkabrautar og gerð ljósastryðra gatnamóta við Vesturvör. Helstu verkþættir eru jarðvegsskipti og frágangur fyllinga undir götur og gangstéttar, gatnagerð Borgarlínu á viðkomandi stöðvabili, gerð göngu- og hjólastíga og tenginga við núverandi stígakerfi, nýjar veitulagnir og færsla eða endurtenging núverandi lagna. Þá er gert ráð fyrir Borgarlínustöð við Bakkabraut, ljósastryðri göngu- og hjólaþverun norðan stöðvarinnar, strandstíg undir syðri enda Fossvogsbrúar, áningarstöðum, fullnaðarfrágangi steypuvirkja, malbikun, hellulögn, gatnalýsingu, umferðarljósum, skiltum og merkingum.

Við framkvæmdina verður lögð áhersla á að lágmarka áhrif á umferð og aðgengi á framkvæmdatíma. Gert er ráð fyrir bráðabirgðaleiðum, tímabundnum stígum og þverunum fyrir alla samgöngumáta. Umferð gangandi og hjólandi verður leidd fram hjá eða í gegnum framkvæmdasvæði samkvæmt hjáleiðaplani. Þar sem vinnutæki þurfa að þvera gönguleiðir skal umferð þeirra vera víkjandi og gerð verður krafa um stöðvunarskyldu. Aðgengi að starfsemi á svæðinu verður útfært eftir aðstæðum á hverjum stað þannig að óhagræði verði sem minnst.

Gatnahönnun gerir ráð fyrir sérakreinum almenningsvagna í sérými, ásamt aðgreindum stígum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Norðurhluti gatnagerðarleggsins tengist Fossvogsbrú en suðurhlutinn tengist Bakkabraut. Heildarlengd gatnagerðarleggs 180.09 er um 400 metrar.

Samkvæmt umsóknargögnum er áætlað magn jarðefna og yfirborðsfrágangs fyrir legg 180.09 meðal annars gröftur, fyllingarefni, malbik og hellulögn. Gerð verður krafa um að verktaki noti eingöngu efni úr námum sem eru á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og hafa nauðsynleg starfsleyfi.



Mynd 5. Umsókninni fylgja verkeiningar og er ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á framkvæmdum frá fyrirliggjandi teikningum.



Umsögn

Við yfirferð framkvæmdaleyfisumsóknarinnar hefur verið lagt mat á hvort fyrirhugaðar framkvæmdir samræmist gildandi skipulagsáætlunum á svæðinu, einkum deiliskipulagi fyrir *brú yfir Fossvog* og deiliskipulagsbreytingu *Kársneshafnar vegna Bakkabrautar norðan Vesturvarar*.

Umferðarmannvirkin sem tilgreind eru í framkvæmdaleyfisumsókninni eru að hluta til ólík þeim lausnum sem samþykktar eru í deiliskipulagi Bakkabrautar norðan Vesturvarar. Þetta snýr meðal annars að staðsetningu á göngupverunum á krossgatnamótum Vesturvarar og Bakkabrautar, þverun sunnan borgarlínustöðvar fyrir gangandi og hjólandi, sem og legu göngu- og hjólastígs norðan borgarlínustöðvar. Þó kemur fram í deiliskipulaginu að „nákvæm hönnun gatna, stíga og landslags verður útfærð í verkhönnun og skal tekið mið af umhverfisgæðum, gróðri og ásýnd.“

Að teknu tilliti til framangreindra atriða er það mat skipulagsdeildar að framkvæmdaleyfisumsóknin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Þau frávík sem fram koma í framkvæmdaleyfisgögnum frá deiliskipulagsupprætti varða nánari útfærslu gatna, stíga og þverana og eru talin geta rúmast innan heimilda deiliskipulags.

Í deiliskipulagi brúar yfir Fossvog eru settir fram skilmálar sem varða meðal annars lagnir, flugöryggi, lýsingu, hjólastæði, minjar og náttúrufar.

Við endanlega útfærslu lýsingar þarf að tryggja að lýsing á akreinum, stígum, Borgarlínustöð og við brúarenda verði hönnuð með hliðsjón af öryggi vegfarenda, sjófarenda og nálægð við flugvöll. Lýsingu skal halda í lágmarki eftir því sem unnt er, beina henni niður á við og forðast óþarfa ljósmengun eða truflun á nærliggjandi svæðum.

Ef minjar eða merki um minjar koma í ljós á framkvæmdatíma skuli framkvæmdir stöðvaðar samstundis og Minjastofnun Íslands tilkynnt um fundinn.

Einnig þarf að huga að frágangi framkvæmdasvæðis við lok framkvæmdar, strandstígs, áningarstaða og gróðurs þannig að endanlegur frágangur falli að markmiðum deiliskipulags um umhverfisgæði, gróður og ásýnd.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

